

Áfangalýsing

Titill	Hármótun 2
Námsgrein	Hármótun
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HMÓT2HG04
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HMÓT2HG04
Lýsing	Nemandinn kynnist hugmyndum og þjálfast í tækni, aðferðum og hönnun á bak við uppbyggingu og formgerð greiðslna á síðu hári. Hann lærir að blanda saman margvíslegri tækni, með notkun á rúllum, bylgjum og ýmsum hitatækjum. Kenndar verða léttar greiðslur, og dag – og kvöldgreiðslur í mismunandi hárlengdir. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hárgreiðslu. Blástur er þjálfaður, unnið er með ólík form og hárlengdir. Áfram er unnið með notkun og gerð verklýsinga. Verkefnin unnin á æfingarhöfuð og módel.
Forkröfur	HMÓT1HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • upprúlli miðað við fyrirhugaða útkomu, bæði á síðu og stuttu hári. • mismunandi formi á bylgjugreiðslum. • notkun bylgjugreiðu og klípa. • mismunandi tækni við blástur, stutt og sítt hár. • mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. • vali og notkun mótunarefna. • notkun hitajárna.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • velja og nota rúllur sem hæfa fyrirhugaðri útkomu og greiða hár samkvæmt fyrirfram ákveðnu formi. • gera eigin verklýsingar og fara eftir þeim við hárgreiðslu. • greiða blautbylgjur og setja í klípur. • setja klípur í heilt höfuð með eða án skiptingar. • greiða úr svo út komi bylgjur. • blása og krulla samkvæmt kennslukerfi. • beita grunntækni við gerð greiðslna.+ útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir. • móta hár með rúllum, járnum, nálum og klípum. • nota viðeigandi hárskraut. • útfæra mismunandi bylgju- og tímabilagreiðslur. • blása sítt og stutt hár eftir fyrirfram ákveðnu formi. • blása stífan rúllublástur í fyrirfram ákveðið form. • blása form og bylgjublástur.
Hæfniviðmið	

Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	